

**Sp. 294. Tillaga til þingsályktunar**

um ríkisábyrgð fyrir Siglufjarðarkaupstað til byggingar sildarverksmiðju.

Flm.: Áki Jakobsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að ábyrgjast fyrir Siglufjarðarkaupstað 1500000 kr. lán til endurbyggingar sildarverksmiðjunnar „Rauðku“, þó eigi hærra en 25% af stofnkostnaði, gegn 3. veðrétti í verksmiðjunni á eftir 1. og 2. veðrétti, samtals að upphæð 4 millj. króna. Af láni þessu eru 500 þús. kr. rekstrarlán.

**Greinargerð.**

Bæjarstjórnin á Siglufirði er nú að byggja upp sildarverksmiðju sína, „Rauðku“, sem nýtizku verksmiðju með 5000 mála afköstum og möguleikum til að stækka hana upp í 10000 mála afköst. „Rauðka“ er elzta verksmiðja landsins, og hefur Siglufjarðarkaupstaður rekið hana frá 1938 til síðastliðins sumars, en þá var ástand verksmiðjunnar orðið slíkt, að ekki þótti tækt að reka hana lengur.

Nánar í framsögu.